

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 6.3.2024  
UST202401-127/G.S.Á.  
08.06.02

**Efni: Þykktarmælingar á lýsis- og olíugeymum - Olíudreifing ehf., Neskaupsstað, geymir nr. 740.01.00 (T0056)**

Umhverfisstofnun bárust þann 11. janúar sl. þykktarmælingar og segulssviðsskönnun á geymi Olíudreifingar ehf., Neskaupsstað. Geymirinn hefur fastanúmerið T0056 og eigendanúmerið 740.01.00 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila að Naustahvammi 57, Neskaupsstað. Geymirinn er 424 m<sup>3</sup>, standandi stálgeymir, smíðaður árið 1956.

Þykktarmælingar framkvæmdu Gísli A. Guðmundsson og Andre Sandö hjá HD ehf., Kópavogi, þann 29. september 2023. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 - 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner. Serial No.MK4 0016-A-TFS. Botn geymisins var mældur, ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu nr. *TM-MFL-233211-GEYMIR-1-T0056-SEPT-23* frá HD ehf., að geymirinn sé ómálaður að hluta að innan en sé annars í þokkalegu ásigkomulagi að innanverðu. Fram kemur að gólf sé tært að innan og að víða megi finna pytti um 1-2 mm að dýpt. Líklega hefur efnisþykkt gólfs verið um 9,0mm í upphafi. Neðsta umfar lítur vel út.

Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf., um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Þykktarmæla skal botn og neðsta umfar eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir  
teymisstjóri